

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 193 6. maí 1977 um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Póstur og sími getur, um skemmri eða legri tíma, veitt undanþágu frá framan- greindum ákvæðum til erlendra ríkisborgara, enda sé tryggt, að fyrir liggi fullnægj- andi réttindi íslenskra ríkisborgara í viðkomandi landi að þessu leyti.

I. Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn skal vera skrifleg og send til Pósts og síma eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa. Afgreiðslutími slíkra umsókna er allt að tveir mánuðir og skal á þeim tíma m. a. leitað áhlits IRA.
- b) Umsækjandi skal hafa gildandi amatörleyfi frá heimalandi sínu samsvar- andi A-, B-, C- eða T-leyfi og skal það, eða greinilegt afrit þess, fylgja umsókninni ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann, er hann hyggst nota hérlandis.
- c) Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera víðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlendra reglna.
- d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heima- landi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
- e) Að öðru leyti en tekið er fram hér, er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

II. Erlendur ríkisborgari, getur sótt um að gangast undir íslenskt radióáhuga- mannapróf enda hafi hann haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár. Viðkomandi hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfið gildir aðeins á Ís- landi.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjar- skipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, staðfestast hér með til að öðlast þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 412 11. október 1979.

Samgönguráðuneytið, 8. nóvember, 1979.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar nr. 249. 31. maí 1978.

1. gr.

33. gr. orðist svo:

Bæjarstjóra er heimilt í samráði við bæjarráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma nema bæjarstjórn ákveði annað.

2. gr.

Töluliður A-1 í 36. gr. falli niður. Í staðinn bætist við greinina nýr liður, B-17, svohljóðandi:

Byggingarnefnd: Fimm aðalmenn og fimm varamenn.

3. gr.

Aftan við 37. gr. bætist nýr töluliður, C-7, svohljóðandi:

Tvo endurskoðendur reikninga sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Vestmannaeyja og tvo til vara.

4. gr.

40. gr. orðist svo:

Byggingarnefnd skipa fimm menn og fimm til vara. Tveir hinna kjörnu fulltrúa skulu vera bæjarfulltrúar. Byggingarfulltrúa er skylt að sitja fundi byggingarnefndar. Byggingarnefnd annast byggingarmálefni bæjarins samkvæmt fyrirmælum í lögum og samþykktum um þau mál.

Breyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

S A M Þ Y K K T

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Austur-Húnavatnssýslu nr. 304
3. ágúst 1977, sbr. 138 27. febrúar 1979.

1. gr.

Við 2. gr. samþykktarinnar bætist eftirfarandi:

Svínavatnshreppur:

Hamarsvegur: Af Bakásavegi að Hamri.

Torfalækjarhreppur:

Hamrakotsvegur: Af Reykjabraut að Hamrakoti.

Sveinsstaðahreppur:

Másstaðavegur: Af Vatnsdalsvegi eystri að Másstöðum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.